

3. des. var Gunnari Jóhanni Birgissyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

9. des. var Magnúsi P. Torfasyni, hæstaréttardómara, veitt lausn frá embætti frá 1. janúar 1988 að telja.

14. des. var Hjalti Hugason skipaður lektor í kristinfræðum og trúarbragðasögu við Kennaraháskóla Íslands frá 1. janúar 1988 að telja.

15. des. var Guðmundi Benediktssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Jóni Höskuldssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

RÆÐISMENN

1986:

3. júní var Ingimundi Stefánssyni veitt viðurkenning sem kjörræðismaður Spánar með aðalræðisstigi í Reykjavík.

15. des. var Geir Borg veitt viðurkenning sem kjörræðismaður Thailands með aðalræðisstigi í Reykjavík.

S.d. var Ragnari Borg veitt viðurkenning sem kjörræðismaður Ítalíu með aðalræðisstigi í Reykjavík.

1987:

26. jan. var hr. Mark Fenger Chapman, sendiherra, veitt viðurkenning sem aðalræðismanni Bretlands á Íslandi.

2. sept. var Hjalta Geir Kristjánssyni veitt viðurkenning til þess að vera ræðismaður fyrir Sviss í Reykjavík.

6. nóv. var Vali Valssyni veitt viðurkenning til þess að vera ræðismaður fyrir Líbanon á Íslandi með aðsetur í Reykjavík.